

## Að bæta orkunýtingu í jarðhita með breyttri notkun neytenda

Fréttatilkynning

Mars 2021

Í október 2020 hófst verkefni sem ber yfirskriftina „Að bæta orkunýtingu jarðhita með breyttri notkun neytenda“. Verkefnið er styrkt af Íslandi, Liechtenstein og Noregi í gegnum Uppbyggingarsjóð EES á sviði byggðamála.

**Markmið verkefnisins** er að auka hagkvæmni hitaveitukerfa í Póllandi, Ungverjalandi og Slóvakíu, til að auka sjálfbærni, draga úr loftmengun og losun á koltvíoxi, CO<sub>2</sub>. Þessi markmið ættu að stuðla að auknum vinsældum hitaveitna sem nýta jarðhita í borgum og auka um leið áherslur í baráttunni við loftslagsvandann.

**Samstarfsaðilar** verkefnisins eru Mineral and Energy Economy Research Institute of the Polish Academy of Sciences (Meeri Pas) frá Póllandi sem leiðir verkefnið, SLOVGEOTERM a.s. frá Slóvakíu, InnoGeo Research frá Ungverjaland, Orkustofnun frá Ísland og NORCE Norwegian Research Centre AS frá Noregi. Verkefnið nær frá október 2020 til september 2023. Fjárhagsáætlunin er 1,32 milljónir evra.

### Helstu áherslur verkefnisins

- Miðlun þekkingar á hagnýtum atriðum er varðar stjórnun og rekstur hitaveitna með jarðhita á milli Íslands og Noregs annars vegar og Póllands, Slóvakíu og Ungverjalands hins vegar, til að auka efnahagslegan ávinning sem og ávinning í umhverfis- og loftslagsmálum fyrir alla.
- Gerð stærðfræðilíkans af jarðhitakerfum (orkugjafi - hitadreifing – notendur), til að greina ákjósanlegar lausnir fyrir framboð jarðhita í Póllandi, Slóvakíu og Ungverjalandi miðað við jarðhitaskilyrði og verð á innlendum mörkuðum.
- Áhersla verður lögð á hitastýringarkerfi og mikilvægi einstakra viðskiptavina, með því að miðla þekkingu, reynslu og tæknilegum lausnum til að bæta nýtingu í jarðhita, sem byggist á notkun sjálfbærra lausna. Verkefnið leggur einnig áherslu á að hvetja notendur á heimilum til að breyta hitunaráherslum og að bæta nýtingu við hitun.

**Nánari upplýsingar um Uppbyggingarsjóð EES um svæðisbundið samstarf:**

<https://www.eeagrants.org/> Kynningarbækling verkefnisins [má sjá hér](#).

**Nánari upplýsingar um verkefnið og erindi á opnunarráðstefnu:**

<http://user4geoenergy.net/>

[pajak@meeri.pl](mailto:pajak@meeri.pl) Verkefnastjóri verkefnisins

Baldur Pétursson, verkefnastjóri OS, [bp@os.is](mailto:bp@os.is)



<https://www.facebook.com/innogeo.kft>

<https://www.instagram.com/innogeo.ltd/>

<https://www.linkedin.com/company/innogeo-ltd>